



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Umhverfis og skipulagsráð

Sendandi: Skrifstofa stjórnsýslu og gæða

Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um geymslu hjóla- og fellihýsa

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 2. nóvember 2022 var lögð fram að nýju svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um geymslu hjóla- og fellihýsa, sbr. 26. lið fundargerðar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 5. október 2022:

Fulltrúi Flokks fólksins spurði nýlega hvort skipulagsyfirvöld hefðu áhuga á að koma til móts við eigendur hjól- og fellihýsa með því að bjóða þeim að geyma þau yfir sumarið á svæðum sem eru til þess fallin og sé þar með dregið úr líkum þess að hjól- og fellihýsi séu geymd á götum eða í bílastæðum fyrir utan íbúahús. Skipulagsyfirvöld í Reykjavík svöruðu því til að það væri ekki hlutverk borgarinnar að sjá íbúum fyrir bílastæðum í borgarlandi undir farartæki sem fyrst og fremst eru ætluð til tómskundaiðkunar. Nítjándi grein í Lögreglusamþykkt Reykjavíkur veitir lögreglustjóra heimild til að setja svona bann. Umferðarlög veita veghaldara eða landeiganda heimild til að setja svona bann en þar fyrir utan hljóðar ákvæðið eins. Flokkur fólksins óskar eftir að fá svar við hversu víðtæk þessi heimild er? Telja skipulagsyfirvöld í Reykjavík að lögreglustjóri geti bannað þetta um alla Reykjavík eða bara í ákveðnum hlutum borgarinnar, þar sem teljist meiri ástæða til? Er það rétt að ekkert slíkt allsherjar bann sé í gildi í Reykjavík í dag?

Tillögunni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu stjórnsýslu og gæða.

Svar

Heimildir þær sem fyrirspurnin lýtur að eru nokkuð víðtækar, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Ef lögreglustjóri metur sem svo að staða eftir- og tengivagna valdi óþægindum, óþrifnaði eða hættu hefur hann heimild til þess að banna stöðu þeirra, hvort sem er heldur á stærra eða minna svæði. Umferðalög veita veghaldara eða eftir atvikum landeiganda, að höfðu samráði við lögreglu sömu heimild.

Heimilt er að leggja ferðavögnum í almenn stæði sé þeim löglega lagt, inn á gjaldskyldum svæðum er tekið gjald vegna notkunar stæðis. Hins vegar getur skapast sú staða að eftirvagnarnir valdi óþægindum og röskun á umferð fyrir aðra vegfarendur og eru umræddar heimildir veittar svo unnt sé að bregðast við því.

Ekkert allsherjarbann er við lagningu ferðavagna í almenn stæði í landi Reykjavíkurborgar.



Reykjavíkurborg

Virðingarfyllst,
Snædís Karlsdóttir Bergmann
Umhverfis- og skipulagssvið
Skrifstofa stjórnýslu og gæða